



Fjölbrotaskóli
Suðurlands

Lífeðlis- og líffærafræði LÍOL2SS05 Kennsluáætlun vorönn 2020

Kennari/ar: Íris Þórðardóttir

Skammstöfun: ÍÐ

Kennslugögn:

1. *Líffæra- og lífeðlisfræði I. bindi*. Regína Stefnisdóttir (IÐNÚ 1995).
2. *Human Anatomy Coloring Book*.
3. *Glærur, skyggjur, ljósrit*. Nánar kynnt í kennslustundum.

Lýsing

Farið er í grundvallarhugtök líffærafræðinnar út frá latneskri nafngiftafræði og lífeðlisfræðileg ferli útskýrð. Fjallað er um svæðaskiptingu líkamans, áttir, líkamshol, skipulagsstig, byggingu og starfsemi frumna og vefja, flutning efna yfir himnur, jafnvæghneigð og afturvirk kerfi. Farið er í byggingu og starfsemi þekjakerfis: lagskipting húðar og líffæri; beinakerfis: beinmyndun, flokkun beina, beinagrind, brjósk, liðir og hreyfingar; vöðvakerfis: innri og ytri gerð vöðva, vöðvasamdráttur, helstu vöðvar líkamans; taugakerfis: taugavefur, taugaboð, taugaboðefni, flokkun taugakerfis og starfsemi, skynfæri og skynjun; innkirtlakerfis: innkirtlar og virkni hormóna.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þeirri frumstarfsemi sem liggur til grundvallar allri líkamsstarfsemi
- starfsemi afturvirkra kerfa og grundvallaratriðum í lífeðlisfræðilegum ferlum
- latneskum grundvallarhugtökum líffærafræðinnar
- ytri og innri gerð líffæra þeirra líffærakerfa sem fjallað er um og latnesk heiti þar að lútandi
- starfsemi þeirra líffærakerfa sem fjallað er um

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota latnesk heiti við að lýsa afstöðu líffæra og líffærahluta
- rekja og útskýra meginþætti lífeðlisfræðilegra ferla
- tengja byggingu líffæra- og líffærahluta við starfsemi þeirra
- vinna með heimildir sem tengjast líffæra- og lífeðlisfræði

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta þekkingu sína og leikni í líffæra- og lífeðlisfræði í öðrum námsgreinum
- geta sýnt fram á hvernig lífshættir geta haft áhrif á heilbrigði líkamans

Kennsluform:

Fyrirlestrar og umræða um námsefnið, heimaverkefni og tímaverkefni.

Námsmat:

Skriflegt próf í lok annar. Vægi: 70%

Verkefni og hlutapróf. Vægi: 30%.

Nemendur verða að skila 90% verkefna innan tímaramma og standast kröfur skólans um mætingu. Nema um annað sé samið.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga

Áætlun annarinnar

Vikur/dags.	Hugtök og efnisþættir	Lesefni
1. vika 07.1 -10.01	Kynning á námsefni. Frumur og vefir	3. kafli
2. vika 13.-17.1	Frumur og vefir	3.kafli
3. vika 20.-24.1	Þekjakerfið	4. kafli
4. vika 27.1- 31.1	Þekjakerfið	4. kafli
5. vika 03.2-07.2	Bein og liðir	5. kafli
6. vika 10.2-14.2	Bein og liðir	5. kafli
7. vika 17.2-19.2	Vöðvar Kátir dagar og Flóafár	6. kafli
8. vika 24.2-28.2	Vöðvar Verknám	6. kafli
9. vika 02.03.-06.3	Verkefnavinna í vöðvum og beinum Verknám	6. kafli
10. vika 9.3.-13.3	Hlutverk tauga- og miðtaugakerfis Verknám	
11 vika 16.3-20.3	Úttaugakerfið	7. kafli
Mánudaginn 12. vika 23.3-27.3	23 mars Könnun Úttaugakerfið	7.kafli
13.vika 39.3-03.4	Skynfæri Páskafrí 6 -14apríl	8.kafli
14. vika 05.4-17.4	Skynfæri	8.kafli
15.vika 20.4.24.4	Innkirtlar	9.kafli
16. vika 27.4.-01.5	Innkirtlakerfið	10. kafli
17. vika 04.5.-8.5	Innkirtlakerfið og upprifjun	10. kafli

Commented [ÍÞ1]:

Commented [ÍÞ2]:

Kennari áskilur sér rétt til breytinga